

FUNDARGERÐ

278. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 18. desember 2024 og hófst kl. 12:00.

Mætt voru stjórnarmennir Ingvar Smári Birgisson, Mörður Áslaugarson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Aron Ólafsson, Margrét Tryggvadóttir og Rósa Kristinsdóttir. Marta Guðrún Jóhannesdóttir, Silja Dögg Gunnarsdóttir og Þráinn Óskarsson sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Anna María Benediktsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerð nr. 277 var lögð fram og samþykkt.

2. Kynning sviða: Rás 1 og Rás 2

Fanney Birna Jónsdóttir dagskrástjóri Rásar 1 og Matthías Már Magnússon dagskrástjóri Rásar 2 kynntu hátíðardagskrá rásanna.

3. Fjármál

a. Rekstraráætlun 2025

Drög að rekstraráætlun ásamt helstu forsendum voru kynnt á fundi stjórnar RÚV 27. nóvember sl. Áætlunin hafi nú verið uppfærð hvað varðar útgjöld einstakra deilda en áætluð afkoma er óbreytt. Markmið rekstraráætlunnar sé að hagnaður af rekstri starfseminnar verði a.m.k. 100 m.kr. á árinu 2025. Með því sé verið að vinna upp um helminginn af áætluðu rekstrartapi yfirstandandi árs. Þetta markmið sé einkum sett með hliðsjón af neikvæðri sjóðstöðu félagsins en unnið sé að bæta sjóðstöðuna þannig að hún verði jákvæð í lok árs 2025 um a.m.k. 50 m.kr. Þjónustu- og auglýsingatekjur RÚV fyrir árið 2025 séu áætlaðar nær óbreyttar að raunvirði milli ára. Bætt afkoma milli ára felst því fyrst og fremst í áframhaldandi aðhaldi í launakostnaði, lækkun fjármagnskostnaðar, minna umfangi sýningarréttá í íþróttum og öðru aðhaldi í rekstri deildanna. Ljóst sé að starfseminni sé þróngur stakkur sniðinn fyrir komandi rekstrarár. Samhliða hafi verið unnið að undirbúningi sjóðstremisáætlunar fyrir árið 2025 sem verður lokið núna fyrir jól.

b. Fjárfestingaáætlun 2025

Fjárfesting ársins 2024 var áætluð riflega 400 m.kr. en þar af var um 96 m.kr. áætlaðar í eignfærslu vegna eigin vinnu. Útlit sé fyrir að fjárfesting ársins verði 50-80 m.kr. lægri en verulega hafi verið dregið úr fjárfestingu síðustu mánuði.

Með hliðsjón af áætluðum rekstrarafgangi og sjóðstöðu sé gert ráð fyrir að fjárfesting næsta árs verði 420 m.kr. eða sem svarar áætluðum afskriftum ársins. Slíkt umfang feli í sér að einungis sé unnt að ráðast í allar brýnustu fjárfestingar fyrir starfsemi RÚV hvort sem um sé að ræða fjárfestingu í tæknirekstri, dreifikerfinu, framleiðslubúnaði eða húsnaðismálum.

Unnið hefur verið að því að meta fjárfestingabörf RÚV til næstu þriggja ára. Ljóst sé að þörfin sé margföld á við hvað unnt er að fjárfesta í og er það félaginu mikil áskorun að mæta þeirri þörf miðað við óbreyttan rekstur.

4. Minnispunktar útvarpsstjóri

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir nýrri könnun á trausti til fréttastofu RÚV og samanburði við aðra miðla. Fram kom í könnunni að fréttastofa RÚV njóti áfram yfirburðatrausta, bæði í samanburði við fyrri

JP DR AJ 133 ph

kannanir og þegar það sé borið saman við aðra miðla. Farið var nánar yfir breytileika eftir aldri og einnig var í könnunni spurt um það með hvaða hætti fólk fengi fréttir eftir tegundum dreifileiða/miðla. Þar kom m.a. fram að nærrí 80% lesa, hlusta eða horfa á fréttir á snjallsím um eða tölvum en áfram er notkun á hefðbundnu sjónvarpi og útvarpi mikil. Breytileiki eftir aldri var þar engu að síður mjög mikill.

Útvarpsstjóri kynnti drög að nýjum samningi við SFH, Samtök flytjenda og hljómplötuframleiðenda, en viðræður hafa staðið yfir síðustu misseri. Í þessum drögum er horft til þeirra breytinga sem gerðar voru í samningi við STEF auk þess sem lagðar eru til breytingar fyrirkomulagi útreiknings til einföldunar.

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir dómi Landsréttar í máli þar sem krafist var viðurkenningar á því að eðli samningssambands táknmálsþular við RÚV hafi verið launþegasamband en ekki verktakasamband. Í dómi Landsréttar kom fram að af gögnum málsins yrði á engin hátt ráðið hvernig tilhögun á vinnu- og verktakasambandi hefði leitt til tjóns fyrir málshefjanda eða í hverju möguleg fjárkrafa hennar yrði fólgin. Málatilbúnaðurinn fullhægði ekki áskilnaði laga um meðferð einkamála og var málínus því vísað frá dómi.

Loks gerði útvarpsstjóri grein fyrir því að drög að tónlistarstefnu allra miðla RÚV hefðu verið kynnt hagsmunaaðilum á sviði tónlistar á sérstökum fundi í byrjun desember. Ábendingar hefðu komið sem nú væri verið að vinna í. Þá var upplýst um að öryggisnefnd hefði verið skipuð hjá RÚV samkvæmt reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Að lokum var LIFE ICEWATER verkefnið kynnt, en RÚV sé hluti af þeim stofnunum og fyrirtækjum í eigu ríkis og sveitarfélaga sem taka þátt í því. Verkefnið snúi að fjölbreyttum verkefnum til að flýta fyrir og bæta innleiðingu vatnaáætlunar á Íslandi.

5. Önnur mál

ISB óskar eftir upplýsingum um hvaða viðmið RÚV hefði þegar það kæmi að kostaðri umfjöllun, t.d. hvort reglur séu til staðar um kostaða umfjöllun, í hvaða tilvikum slík umfjöllun sé heimil og hvernig ritstjórnarfrelsí stofnunarinnar sé tryggt þegar RÚV fær greitt fyrir umfjöllun. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hvort fordæmi séu fyrir kostaðri umfjöllun hjá RÚV sl. 5 árum.

Fundi slitið.

Ingvar Þórarinsson
Róður Ólafsson
Róður Kristinsdóttir
Thórgír Tryggvason dottir
Dísá Amundsdóttir Zoëga
Fríður Óskarsdóttir
Ulfur